

Reykjavík, 20. mars, 2021

Umsögn Öldu um 133. mál, 151. löggjafarþingi  
– frumvarp um breytingu á lögum 40 stunda vinnuvika (lögbundnir frídagar)

Alda, félag um sjálfbærni og lýðræði, ítrekar hér með fyrri umsögn sína um sama þingmál sem lagt var fram á 150. þingi (nr. 138).

Alda tekur undir meginmarkmið þessa frumvarps, um að fjölga frídögum vinnandi fólks, enda er fjöldi vinnustunda á Íslandi mikill og vinnuálag mikið. Félagið telur það ráðavænlega lausn að fjölga frídögum, enda ætti eitt markmið sjálfvirknivæðingar og vélvæðingar að gera fólki kleift að draga úr vinnu. Félagið tekur ekki afstöðu til rökstuðnings flutningsmanna í greinargerð frumvarpsins.

Fyrir hönd stjórnar Öldu,  
Guðmundur D. Haraldsson, stjórnarmaður